



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn 24. September 2007

Fundur haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 24. September 2007 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Þórður Pálsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann ritaði einnig fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

#### Dagskráliður 1.

Ámundakinn ehf. sendir hér með til kynningar teikningar að iðnaðarhúsi sem félagið hyggst reisa á lóð sinni að Efstubraut 2, Blönduósi. Um er að ræða hús 20 x 24m, um 480m<sup>2</sup> að grunnfleti. Húsið er byggt úr límtrésgrind sem er klædd með samlokueiningum. Óskað er eftir byggingaleyfi. Lagðar eru fram innkomnar teikningar nr. A-101, A-102, A-103, A104

#### Afgreiðsla:

Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar standist byggingareglugerð og að vottorð frá heilbrigðis-, vinnu- og eldvarnareftirliti og vottun á utanhúsklæðningu samkvæmt Br. 441/1998 liggi fyrir. Byggingafulltrúi gefur út byggingaleyfi samkvæmt reglugerð þegar áður nefnd skilyrði eru uppfyllt.

#### Dagskráliður 2.

Byggingafulltrúi Stefán Árnason fyrir hönd Blönduósbæjar óskar eftir byggingaleyfi til viðhaldsframkvæmda á Félagsheimilinu Blönduósi. Næsta verk er nýtt þak efni á neðra þak og forstofu ásamt tilheyrandi breytingu á þakkönntum vegna viðgerða á veggjum sem er mjög aðkallandi er að gera. Óskað er eftir að leyfið gildi fyrir allar þær viðhaldsframkvæmdir sem þarf að gera á húsinu að utan og fyrirhugaðar eru næstu 10 árin. Allt það sem stjórn félagsheimilins lætur gera verður gert í samráði við bæjarstjóra, byggingafulltrúa og með samþykki bæjarstjórnar.

#### Afgreiðsla:

Erindið er samþykkt með fyrirvara um að bygginganefnd fjalli um útlit, uppbyggingu og annað sem undir byggingarnefnd heyrir.

#### Dagskráliður 3.

Jóhann Kári Evensen kt. 211057-7049 óskar eftir byggingaleyfi vegna breytinga á húseigninni að Mýrarbraut 17, Blönduósi. Húsið hefur verið iðnaðarhús en er nú gert að íbúðarhúsi, samkvæmt nýju deiliskipulagi fyrir þessa lóð, sem tekið hefur gildi. Lagðar eru fram innkomnar teikningar nr. 70822. Skráningartafla er ekki komin en liggur fyrir á rafrænu formi.

#### Afgreiðsla:

Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar standist byggingareglugerð og að vottorð frá eldvarnareftirliti liggi fyrir. Byggingafulltrúi gefur út byggingaleyfi samkvæmt reglugerð þegar áður nefnd skilyrði eru uppfyllt.

#### Dagskráliður 4.

Gunnar Halldórsson óskar eftir byggingaleyfi vegna nýbyggingar á lóðinni Sunnubraut 7, Blönduósi. Húsið er einbýlishús byggt á gamalli undirstöðu. Undirstaðan er endurbætt og nýjar lagnir eru settar. Húsið sem kemur á undirstöðuna er timbureiningahús smíðað í Lettlandi. meðfylgjandi eru bygginganefndateikningar. A gatnagerðargjald og tengigjöld hafa verið greidd. Lagðar eru fram innkomnar teikningar nr. IB-07-560, IB-07-561, IB-07-562 og skráningartafla.



### **Afgreiðsla:**

Erindið er samþykkt með fyrirvara um að teikningar standist byggingareglugerð og að vottorð frá eldvarnareftirliti liggi fyrir. Húsið er (innflutt) einingahús, samkvæmt 120 og 121 grein Br. 441/1998 þarf að fylgja með burðarþolsteikningum, burðarþolsskýrsla (vottun) frá aðila viðurkenndum af Umhverfissráðuneytinu (Nýsköpunarmiðstöð Íslands (Rb)). Byggingafulltrúi gefur út byggingaleyfi samkvæmt reglugerð þegar áður nefnd skilyrði eru uppfyllt.

### **Dagskráliður 5.**

SAH. Afurðir. Sigurður Jóhannsson framkvæmdastjóri sækir um leyfi til að setja 2 hraðahindranir 5sm háar ásamt tilheyrandi merkjum fyrir framan húsið við Húnabraut 37-39. Kostnaður verður greiddur af SAH Afurðum. Í sláttur tíð er mikil umferð yfir Húnabraut að gámasæði hinumegin við götuna (fólk og lyftarar). Þar sem starfsemin veldur slyshættu, væri æskilegt að hraðinn um götuna væri lækkaður. Teikning, myndir og lýsing af hraðahindrunum þessum liggja fyrir.

### **Afgreiðsla:**

Erindið er samþykkt.

### **Önnur mál:**

#### **Til upplýsingar fyrir Bygginganefnd:**

Dagskrárlíður 3 frá 4. September 2007:

Byggingafulltrúi hafði samband við Benedikt Ólafsson hrl. vegna Árbrautar 9 og upplýsti hann um umræður bygginganefndar. Benedikt tók vel í það að leysa málið með eignaskiptasamningi.

Byggingafulltrúa barst bréf dags. 12 sept. 2007 frá umhverfissráðuneytinu þar sem er tilkynnt að breyting á aðalskipulagi vegna Mýrarbrautar 13 til 17 og Hnjúkabyggðar 29 til 31 hafi tekið gildi.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Guðmundur Karl Ellertsson  
Valgarð Hilmarsson  
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri  
Stefán Árnason, byggingafulltrúi

Fundi slitið kl. 18:25.  
Þórður Pálsson